

## Vallargrund 3 – Byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. febrúar þar sem sótt er um leyfi að breyta upplýstu skilti í stafrænt skilti á lóð nr. 3 við Vallargrund.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd tekin af Já.is

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Vallargrund 3 borgarhluta 9 Kjalarnes og er hluti af verslunar- og þjónustusvæði VP28, brautarholtsvegur, Grundarhverfi. Reiturinn, VP28, er skilgreindur hverfiskjarni í aðalskipulagi.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Grundarhverfi, samþykkt 26. febrúar 1998, ásamt síðari breytingum.

### Umsögn

Á lóðinni að Vallargrund 3 er bensínstöð og verslun. Á lóðinni er skilti sem hefur 3 fleti. Hver flötur er 1.7 m x 1.9 m, þ.e. 3.23 m<sup>2</sup>. Í heildina eru allir fletir skiltisins 9.69 m<sup>2</sup>.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að taka niður umrætt skilti og koma nýju LED – skilti fyrir. Nýtt skilti yrði samsett af tveim 24 m<sup>2</sup> LED-skjám, sem hvor vísar í sína átt.



Vegna nálægðar við Vesturlandsveg var óskað eftir umsögn veghaldara, Vegagerðarinnar. Umsögnina í heild sinni má sjá hér að neðan.

### **Vallargrund 3 - Stafrænt þjónustuskilti**

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar fyrirspurn vegna uppsetningu á nýju stafrænu þjónustuskilti í stað eldra skiltis og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Vegagerðin bendir á að skv. 32. grein vegalaga má ekki staðsetja auglýsingaspjöld nær vegi en 30m frá miðlínu stofnvega og 15m frá miðlínu annarra þjóðvega nema með leyfi veghaldara.

Einnig má benda á 90. gr. umferðarlaga þar sem segir: „Spjöld, auglýsingar, ljósaskilti eða sambærilegan búnað má eigi setja á eða við veg þannig að honum sé beint að umferð nema með heimild veghaldara. Veghaldari getur synjað um leyfi eða gert kröfu um að slíkur búnaður verði fjarlægður ef hann telur hann draga úr umferðaröryggi, þar á meðal ef misskilja má hann sem umferðarmerki, umferðarskilti eða vegmerkingu, búnaður tálmar vegsýn eða er til þess fallinn að draga athygli vegfarandans frá vegi eða umferðinni.“

Núverandi skilti á Vallargrund 3 er um 30m frá miðju Vesturlandsvegar sem er stofnvegur í umsjá Vegagerðarinnar. Þó að nýtt skilti verði fært aðeins lengra frá veginum þá er stærð þess og lýsing til þess fallin að rýra umferðaröryggi á þessum kafla Vesturlandsvegs.

Vegagerðin leggst gegn því að stafrænt skilti við Vallargrund 3 verði heimilað.

Umsögn Vegagerðarinnar dags. 25. febrúar 2025

### **Niðurstaða**

- Neikvætt er tekið í að heimila að koma fyrir stafrænu skilti, hefur neikvæð áhrif á umferðaröryggi sbr. umsögn Vegagerðarinnar dags. 25. febrúar 2025

### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri



**Reykjavík**